

Ársskýrsla

Hugverkastofan
Icelandic Intellectual
Property Office

20 25



Ritstjórn

Eiríkur Sigurðsson

Hönnun og uppsetning

Kolofon hönnunarstofa

Ljósmyndir

Andy Brown / Unsplash

Diego PH / Unsplash

Eiríkur Sigurðsson

Evrópska einkaleyfastofan (EPO)

Eygló Gísladóttir

Florian Hahn / Unsplash

Golli

Iñaki del Olmo / Unsplash

iStock

Thomas Lefebvre / Unsplash

Prentun

Svansprent

Efnisyfirlit

Ávarp forstjóra	4
Starfsemi og hlutverk	7
Þjónusta	9
Innlent samstarf	10
Alþjóðlegt samstarf	11
Málsmeðferð	15
Stafræn þróun	16
Lögfræðileg málefni	18
Árið 2025 í hnotskurn	20
Vörumerki mánaðarins	26
Einkaleyfi eru hreyfiafl nýsköpunar og vaxtar	28
Verndum vörumerki í tónlist	30
Árið 2025 í tölum	32
Stella starfsmannafélag	41
Mannauður og rekstur	42

Ávarp forstjóra

✎ Borghildur Erlingsdóttir



Starfsemi Hugverkastofunnar árið 2025 einkenndist öðru fremur af öfluggu samstarfi við hagaðila. Stofnunin starfar í nánú samstarfi við alþjóðlegar stofnanir á sviði hugverkaréttinda og er í daglegum tengslum við íslenskt atvinnulíf og frumkvöðlasamfélag, háskóla, stjórnvöld og fjölmarga aðra aðila sem láta sig hugverkaréttindi varða.

Á árinu var sérstök áhersla lögð á að styrkja tengslin við samstarfsaðila innanlands og erlendis og efla samtal um mikilvægi hugverkaverndar fyrir nýsköpun og verðmætasköpun.

Hugverkastofan tók á árinu virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og var Ísland gestgjafi fjölda mikilvægra funda og viðburða. Þar bar hæst að árlegur samráðsfundur 39 aðildarríkja Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) var haldinn hér á landi samhliða afhendingu Hugvitsverðlauna ungra frumkvöðla í Hörpu. Um 300 gestir sóttu Ísland heim af þessu tilefni og þar gafst einstakt tækifæri til að sýna fram á virkt hlutverk Íslands í alþjóðlegu samstarfi um hugverkavernd og styrkja tengsl við forystu hugverkastofa víðs vegar að úr Evrópu.

Alþjóðlegt samstarf var áberandi á fleiri sviðum. Hugverkastofan átti á árinu góða tvíhliða fundi með stjórnendum Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO), fullgilti Riyadh-hönnunarsamninginn fyrir Íslands hönd og undirritaði viljayfirlýsingar við hugverkastofur Portúgals og Slóveníu. Þá varð stofnunin á árinu formlegur aðili að DESIGNclass, alþjóðlegu flokkunarkerfi á sviði hönnunar. Jafnframt var samstarf við hugverkastofur Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna styrkt, meðal annars með árlegum fundum forstjóra stofnananna, samskiptastjóra og sérfræðinga á sviði einkaleyfa, vörumerkja og hönnunar, sem Ísland hýsti á árinu.

Í norrænu samstarfi var einnig stigið nýtt og mikilvægt skref þegar Nýsköpunarverðlaun Norðurlandanna voru veitt í fyrsta sinn í Kaupmannahöfn í apríl. Verðlaunin eru sameiginlegt verkefni hugverkastofa Norðurlandanna og var komið á fót til að vekja athygli á mikilvægi hugverkaréttinda fyrir norræna nýsköpun og verðmætasköpun. Verðlaunin hlaut að þessu sinni norska nýsköpunarfyrirtækið Cartesian. Hugverkastofan tilnefnir árlega til verðlaunanna fyrir Íslands hönd það fyrirtæki sem hlotið hefur Nýsköpunarverðlaun Íslands árið áður. Carbfix var því tilnefnt fyrir Íslands hönd. Carbfix hlaut einnig WIPO Global-verðlaunin á árinu eftir tilnefningu Hugverkastofunnar. Edda Sif Pind Aradóttir, forstjóri fyrirtækisins, fékk jafnframt sérstaka viðurkenningu sem kvenfrumkvöðull ársins á verðlaunahátíð sem haldin var á allsherjarþingi stofnunarinnar í Genf í júlí.

Samstarf innanlands var ekki síður mikilvægt. Á árinu voru undirritaðir nýir samstarfssamningar við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands og Hugverkastofan hélt áfram víðtæku kynningar- og fræðslustarfi í samstarfi við háskóla, nýsköpunarhraðla, félagasamtök og atvinnulíf. Markmiðið er skýrt: að efla þekkingu á hugverkaréttindum og stuðla að því að íslensk hugverk og nýsköpun njóti viðeigandi verndar.

Í því samhengi verður ekki hjá því komist að líta gagnrýnum augum á stöðu Íslands í alþjóðlegum samanburði. Skýrsla sem Nordic Patent Institute vann fyrir Hugverkastofuna og kynnt var á Nýsköpunarþingi og á opnum nýsköpunarfundi Samorku sýnir að íslensk fyrirtæki sækja um mun færri einkaleyfi en fyrirtæki á hinum Norðurlöndunum, að Noregi undanskildum. Þó staðan sé góð á sviði heilbrigðis- og matvæla-tækni, fyrst og fremst vegna öflugs starfs fyrirtækja á borð við Össur og Marel, er staðan á sviði endurnýjanlegrar orku sérstakt áhyggjuefni. Á því sviði finnast nær engar íslenskar einkaleyfisumsóknir, þrátt fyrir leiðandi stöðu Íslands á sviði jarðvarmanýtingar.

Þessi staða undirstrikar nauðsyn þess að stjórnvöld marki sér metnaðarfulla hugverkastefnu sem miði m.a. að því að fjölga einkaleyfisumsóknum frá íslenskum fyrirtækjum, háskólum og stofnunum. Samspil skýrrar stefnumótunar og aukinnar vitundar er forsenda þess að íslenskur hugverkaiðnaður vaxi og dafni og leggi styrkari stoðir undir íslenskt efnahagslíf til framtíðar.





Starfsemi og hlutverk

Hugverkastofan er opinber stofnun sem heyrir undir menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

Starfsemi Hugverkastofunnar skiptist í tvö svið: hugverka- og stjórnsýslusvið og rekstrarsvið, auk skrifstofu forstjóra. Þá heyrir starfsemi faggildingarsviðs undir stofnunina en sviðið er faglega og fjárhagslega aðskilið annarri starfsemi.

Teymi eru skipulögð í kringum lykilferla og málsmeðferð.



Hugverka- og stjórnsýslusvið

Á sviðinu fer fram umsýsla og afgreiðsla umsóknna um skráningu vörumerkja, einkaleyfa og hönnunar. Teknar eru ákvarðanir um skráningu réttinda á grundvelli sérlaga á sviði hugverka-réttar. Leyst er úr andmæla-, ógildingar- og niðurfellingarmálum og fjallað um beiðnir um endurveitingu réttinda. Þá tekur sviðið á móti umsóknum um viðhald réttinda, þ.e. greiðslu árgjalda af einkaleyfum og endurnýjun hönnunar- og vörumerkjaskráninga, auk þess að sinna beiðnum um aðilaskipti, veðsetningu skráninga og fleira.



Rekstrarsvið

Rekstrarsvið annast öll þau verkefni sem snúa að umsýslu mannauðs, fjármálum, rekstri og gæðamálum auk þess að hafa umsjón með rekstri upplýsingatæknikerfa og skjalastjórn. Þá hefur starfsfólk sviðsins umsjón með alþjóðlegum samstarfsverkefnum og samningum við alþjóðastofnanir og vinnur að fjölmörgum öðrum rekstartengdum verkefnum auk þess að taka þátt í teymisvinnu þvert á svið innan stofnunarinnar.



Skrifstofa forstjóra

Á skrifstofu forstjóra starfa yfirlögfræðingur, samskiptastjóri, þjónustustjóri og stafrænn leiðtogi. Skrifstofan fer meðal annars með sameiginleg verkefni Hugverkastofunnar, en einnig hefur hún yfirumsjón með lögfræðilegum málefnum, innri og ytri samskiptum, stafrænni þróun og innleiðingu á stefnu. Á skrifstofu forstjóra er einnig unnið sjálfstætt að tilteknum verkefnum eða málaflokkum í samvinnu við forstjóra eða sviðsstjóra.



Faggildingarsvið (ISAC)

Faggildingarsvið Hugverkastofunnar er hinn opinberi faggildingaraðili á Íslandi og hefur með höndum allar tegundir faggildinga bæði þar sem er lagaleg krafa um faggildingingu og á sviðum þar sem fólk er í sjálfsvald sett að faggilda starfsemi sína. Starfsemi faggildingarsviðs heyrir undir atvinnuvegaráðuneytið.




Þjónusta

Ráðgjafateymi Hugverkastofunnar, sem tók formlega til starfa árið 2024, tók á móti 203 viðskiptavinum á árinu 2025. Teymið samanstendur af fimm sérfræðingum sem veittu viðskiptavinum faglega hugverkaráðgjöf ýmist á skrifstofunni við Katrínartún eða í gegnum fjarfund. Á árinu 2025 fjölgaði þeim sem sóttu sér þessa þjónustu um ríflega 8% miðað við árið 2024 og völdu tæplega 55% viðskiptavina okkar að hitta ráðgjafann á skrifstofunni við Katrínartún.

Samtalsleit er þjónusta sem gagnast þeim vel sem eru að taka fyrstu skrefin í einkaleyfaferlinu. Niðurstöður samtalsleitar geta gefið vísbendingar um nýnæmi uppfinninga og hafa reynst þátttakendum mikilvægar til að meta hvort tímabært sé að leggja inn umsókn um einkaleyfi. Samtalsleitir eru unnar í samstarfi við Nordic Patent Institute og voru 19 á árinu sem leið.

Starfsfólk Hugverkastofunnar svaraði 740 skriflegum fyrirspurnum sem bárust með tölvupósti og í gegnum netspjall á árinu 2025. Skriflegum fyrirspurnum fjölgaði um 18% frá fyrra ári en Hugverkastofan svaraði 1.299 fyrirspurnum í síma, sem er 6% fækkun miðað við árið 2024.

Tegund ráðgjafar



Innlent samstarf

Hugverkastofan leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda hagsmunaaðila til að auka þekkingu á hugverkaréttindum, bæta þjónustu við viðskiptavinum og stuðla að aukinni og bættri notkun hugverkaréttinda á Íslandi. Stofnunin hefur því í gegnum árin efnt til margvíslegs samstarfs við aðila í iðnaði, menntun, rannsóknum, nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, enda er hugverk víða að finna.

Árið 2025 voru gerðir nýir samstarfssamningar við Háskólann í Reykjavík (HR) og Háskóla Íslands (HÍ) auk þess sem Hugverkastofan bauð nemendum í HÍ, HR og Háskólanum á Akureyri í vísindaferðir í Katrínartúnið og tók þátt í fjölbreyttum viðburðum á vegum háskólanna. Þá átti stofnunin í viðamiklu samstarfi við KLAK Icelandic Startups, Samtök iðnaðarins, Íslandsstofu, Nýsköpunarsjóðinn Kríu, Rannís, Iceland Innovation Week, menningar- nýsköpunar- og háskólaráðuneytið, ÍMARK, STEF, Tónlistarmiðstöð, Bird, JA Iceland, FUVÉ og FEIS. Hugverkastofan stóð fyrir fjölmörgum viðburðum í samstarfi við fyrrgreinda aðila á árinu og ber þar einna hæst Nýsköpunarþing og fundina Branding Innovation og Feel the Beat of IP á Íslensku nýsköpunarvikunni (Iceland Innovation Week).





Alþjóðlegt samstarf

Hugverkastofan á í miklu alþjóðlegu samstarfi til að tryggja virka miðlun upplýsinga, reynslu og þekkingar á milli hugverkastofa í Evrópu. Slíkt samstarf verður sífellt mikilvægara á tímum heimsvæðingar þar sem viðskipti, iðnaður og rannsóknar- og þróunarstarf eru í auknum mæli alþjóðleg.

Samstarfið fer meðal annars fram á vettvangi Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) en Hugverkastofan tekur beinan þátt í stjórnun stofnunarinnar sem fulltrúi eins af 39 aðildarríkjum hennar. Samstarfið við EPO fer einkum fram í framkvæmdaráði og fjármálanefnd, laganefnd og tækninefnd en Borghildur Erlingsdóttir, forstjóri Hugverkastofunnar, er varaformaður framkvæmdaráðs EPO. Þá er Hugverkastofan með tvíhliða samstarfssamning við EPO sem meðal annars nær yfir þátttöku í margs konar tæknilegum og lögfræðilegum verkefnum sem öll miða að því að gera upplýsingar um einkaleyfi og umsóknir aðgengilegri fyrir notendur á heimsvísu og samræma túlkun aðildarríkjanna á sambærilegri löggjöf.

Árlegur samráðsfundur 39 aðildarlanda EPO var haldinn í Hörpu í júní í tengslum við afhendingu Hugvitsverðlauna ungra frumkvöðla (Young Inventors Prize). Umræðuefni fundarins að þessu sinni var fjármögnun nýsköpunar og einkaleyfi. Borghildur og Sigrún Brynja Einarsdóttir, ráðuneytisstjóri menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytisins, ávörpuðu fundinn auk þess sem Guðmundur Reynaldsson, einkaleyfasérfræðingur hjá Flintó, Carbfix og Controlant og Helga Valfells frá Strawberry Capital tóku þátt í pallborðsumræðum. Hátt í 300 manns sóttu Ísland heim vegna þessara viðburða. Antonio Campinos, forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar, átti fund með forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, á Bessastöðum í tengslum við fundinn.

Hugverkastofan á einnig í viðamiklu samstarfi við Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) og eru stofnanirnar með tvíhliða samstarfssamning sín á milli varðandi hin ýmsu svið, þ.á m. samræmda málsmeðferð á sviði vörumerkja og hönnunar, endurmenntun og fræðslu og tæknilausnir. Þá tekur Hugverkastofan virkan þátt í hinum ýmsu samstarfsnefndum sem áheyrnarríki. Hugverkastofan gerðist á árinu formlega aðili að DESIGNclass, alþjóðlegu flokkunarkerfi á sviði hönnunar, sem rekið er af EUIPO.

Á liðnum árum hefur Hugverkastofan tekið virkan þátt í og innleitt nokkur verkefni EUIPO og aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB), sem stuðla eiga að samræmingu (e. Common Practices – CP) við túlkun laga og reglna á sviði vörumerkja og hönnunar. Samstarfið byggir á samstarfssamningi stofnananna frá árinu 2013 og því að íslensk löggjöf á þessu sviði er í samræmi við tilskipanir ESB um sama efni með hliðsjón af skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

Þrjú CP-skjöl voru birt á vef Hugverkastofunnar á árinu: CP7 sem varðar samræmingu á tilgreiningum hönnunarvara, CP8 sem varðar sjónarmið um notkun vörumerkja á öðru formi en þau eru skráð og CP9 varðandi mat á sérkenni þrívíddarmerkja. Samstarfsverkefni eru aðgengileg á vef Hugverkastofunnar.

Sendinefnd frá Hugverkastofunni heimsótti EUIPO í Alicante í maí. Nefndin fundaði m.a. með João Negrão, forstjóra stofnunarinnar, þar sem fjallað var um framkvæmd samstarfssamnings stofnananna frá árinu 2013 og um þýðingu samstarfsins í ljósi aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og innri markaðnum.

Hugverkastofan á einnig í miklu samstarfi við Alþjóða-hugverkastofnunina (WIPO) og taka starfsmenn Hugverkastofunnar þátt í fjölmörgum fundum og námskeiðum á vegum hennar á ári hverju varðandi þá samninga sem Ísland er aðili að á sviði hugverkaréttar.

Í tengslum við allsherjarþing WIPO í Genf í júlí fundaði Borghildur með Daren Tang, forstjóra WIPO og undirritaði Riyadh-hönnunarsamninginn fyrir Íslands hönd. Einn af hápunktum þingsins var þegar Carbfix hlaut WIPO Global verðlaunin, eftir tilnefningu Hugverkastofunnar, fyrir framúrskarandi nýsköpun á sviði umhverfismála og Edda Sif Pind Aradóttir hlaut sérstaka viðurkenningu sem besti kvenfrumkvöðullinn.

Nýsköpunarverðlaun Norðurlandanna (Nordic Innovation Award) voru veitt í fyrsta skipti á árinu. Um er að ræða ný verðlaun sem Hugverkastofur Norðurlandanna standa að í sameiningu til að vekja athygli á mikilvægi nýsköpunar og hugverkaverndar. Norska fyrirtækið Cartesian hlaut verðlaunin fyrir uppfinningu sína á varmaorkugeymslu fyrir stór húshitunar- og kælikerfi. Hugverkastofan tilnefndi Carbfix til verðlaunanna fyrir Íslands hönd.

Hugverkastofan var á árinu gestgjafi árlegra funda norrænna og baltneskra hugverkastofa. Fundur um málsmeðferð einkaleyfa var haldinn í júní, forstjórar stofnananna og samskiptastjórar funduðu í lok ágúst, og fundað var um málefni tengd vörumerkjum og hönnun í október.

Viljayfirlýsingar um samstarf voru undirritaðar við forstjóra hugverkastofa Slóveníu og Portúgals á árinu.



Fundir og ráðstefnur

EPO

- Stjórnarfundir
- Fundir framkvæmdaráðs
- Fundir fjármálanefndar
- Fundir tækninefndar
- Fundir í laganefnd
- Fundir í valnefnd
- PatLib fundur
- Samráðsfundur aðildarríkja
- Ársfundur Coconet-samstarfshópsins
- Afhending Hugvitsverðlauna ungra frumkvöðla (Young Inventors Prize)
- Fundir um samstarfsverkefni í tæknimálum

EFTA

- Fundur vinnuhóps um hugverkaréttindi

Norrænt samstarf

- Afhending Nýsköpunarverðlauna Norðurlandanna
- Stjórnarfundir Nordic Patent Institute
- Fundur forstjóra hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna
- Fundur í norrænum og baltneskum samstarfshópi um einkaleyfi
- Fundur í norrænum og baltneskum samstarfshópi um vörumerki og hönnun
- Fundur samskiptastjóra hugverkastofa Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna
- Fundir um tæknimál Norðurlandanna

EU IPO

- Tvíhliða fundur með forstjóra
- Samstarfsfundir um vörumerki og hönnun (Liaison)
- Fundir um samstarf og verkefni (Liaison)
- Allsherjarfundur samráðsvettvangs (Observatory)
- Fundur í samstarfsneti varðandi baráttu gegn svindli (Antiscam network)
- Afhending Evrópsku hönnunarverðlaunanna
- Fundur samráðsvettvangs um hugverkafræðslu (IP in Education)
- Vinnufundir um flokkun vöru og þjónustu (European Cooperation Projects)

WIPO

- Tvíhliða fundur með forstjóra
- Fundur um tæknimál
- Allsherjarþing
- Ráðstefna í tilefni 100 ára afmælis hönnunarverndar
- Nefndarfundur um lög um vörumerki, hönnun og afurðarheiti (SCT)

Annað

- 100 ára afmælisráðstefna í Riga
- Ráðstefna um hugverkaréttindi í tengslum við formennsku Póllands í Evrópusambandsráðinu: Nýsköpun í líftækni fyrir sjálfbæra framtíð
- Tvíhliða fundir með portúgölsku hugverkastofunni á grunni styrks frá EEA
- Tvíhliða fundur með slóvensku hugverkastofunni





Málsmeðferð

Í kjölfar stefnumótunarvinnu og endurskoðunar á skipulagi hugverka- og stjórnsýslusviðs árið 2024 var á árinu 2025 lögð aukin áhersla á kjarnastarfsemi sviðsins. Á sviðinu fer fram móttaka og meðferð allra umsókna um hugverkaréttindi, hvort sem um er að ræða vörumerki, hönnun eða einkaleyfi.

Lögð er rík áhersla á að umsækjendur fái bæði skjóta og vandaða afgreiðslu þeirra erinda og umsókna sem berast Hugverkastofunni. Það hefur því verið ánægjulegt að sjá að þær skipulagsbreytingar sem ráðist var í hafi skilað sér í aukinni skilvirkni við vinnslu mála og stytt málsmeðferðartíma.


Umsækjendur um skráningu vörumerkja hjá Hugverkastofunni geta nú almennt búist við því að umsókn sé tekin til meðferðar innan örfárra daga frá því að hún hefur verið lögð inn og greidd. Þá hefur einnig tekist að stytta biðtíma umsókna sem berast til Íslands í gegnum alþjóðlegt skráningarkerfi WIPO um 60% frá hausti 2024.

Á árinu 2025 úrskurðuðu starfsmenn sviðsins í 18 andmælamálum, auk þess sem teknar voru ákvarðanir í einu ógildingarmáli og fimm niðurfellingarmálum. Meðferð þessara mála krefst vandaðrar lögfræðilegrar greiningar og faglegs mats á hverju máli fyrir sig. Markmiðið er ávallt að taka ákvarðanir sem byggja á traustum faglegum grunni, skýrleika og gagnsæi.


Áfram verður lögð áhersla á að styrkja faglegt verklag, bæta þjónustu við notendur og nýta stafrænar lausnir til að auka skilvirkni enn frekar.

Áætlaður meðalbiðtími eftir afgreiðslu umsókna um skráningu vörumerkja

Landsbundnar umsóknir (vikur)



Alþjóðlegar umsóknir (mánuðir)



Stafræn þróun

Helstu verkefni á sviði stafrænnar þróunar hjá Hugverkastofunni má flokka í tvo meginþætti. Annars vegar beinist þróunin að því að gera viðskiptavinum kleift að leggja fram umsóknir og önnur erindi á einfaldari og skilvirkari hátt, ásamt því að tryggja þeim betra aðgengi að upplýsingum um stöðu mála hjá stofnuninni. Hins vegar felst hún í því að skapa starfsfólki Hugverkastofunnar hagkvæmara og skilvirkara vinnuumhverfi, þannig að unnt sé að hraða afgreiðslu erinda án þess að gæði þjónustunnar skerðist.

Hugverkastofan hefur stigið stór skref í stafrænni þróun á undanförunum árum og þegar litið er nokkur ár til baka má segja að um gjörbreytingu á þjónustu og vinnulagi stofnunarinnar sé að ræða.

Á árinu 2025 fór mikill tími í stóra uppfærslu á vef stofnunarinnar. Uppfærslan tryggir verulega aukinn hraða á ytri vef og í innri þjónustukerfum, bætt öryggi gagna og aukna möguleika á nýtingu gervigreindar og þungri gagnavinnslu.

Nýtt umsóknarform fyrir vörumerki, sem er sérsniðið að þörfum stórnotenda og þróað í samtali við þá, var tekið í notkun á árinu. Nú gerir vefur Hugverkastofunnar greinarmun á notendum þegar þeir skrá sig inn á vef stofnunarinnar og birtir ólík umsóknarform eftir því hvort viðkomandi skráir sig inn í umboði stórnotanda. Nýja formið hefur mælst vel fyrir og hraðar vinnu viðskiptavina umtalsvert. Þar er m.a. boðið upp á að afrita fyrri umsóknir og flýta þannig enn frekar fyrir innslætti umsókna.



🏠 Heimsóknir á vefinn

485.000

👤 Nýir gestir á vefnum

14.000

🔍 Leitir í leitarvélum á vefnum

153.000

📄 Rafrænar umsóknir

99,5%

Af innri verkefnum sem unnið var að fór mestur tími í lausn sem einfaldar og flýttir fyrir afgreiðslu umsókna um endurnýjun vörumerkja þegar gerðar eru breytingar á eiganda, umboðsmanni eða verndar-umfangi merkis samhliða endurnýjun. Lausnin hefur þegar einfaldað vinnu þeirra sem sjá um að endurnýja vörumerki og hægt verður að endurnýta alla hönnun til að einfalda vinnu við að afgreiða beiðnir um breytingar, ótengdar endurnýjun.

Á árinu var jafnframt unnið að undirbúningi fjölmargra þróunarverkefna sem gert er ráð fyrir að líti dagsins ljós á árinu 2026. Á meðal helstu nýjunga eru stafræn Hugverkatíðindi, sjálfvirkir frestir og lausnir sem gera ráð fyrir að leggja inn margar samhliða beiðnir tengdar mörgum skráningum með einni færslu.

Hugverkastofan er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi á sviði tæknimála og á árinu var unnið að áframhaldandi þróun ýmissa lausna á vegnum EPO, WIPO og EUIPO. Mestur tími fór í að þróa nýja lausn til að senda WIPO upplýsingar um birtar einkaleyfisumsóknir og veitt einkaleyfi. Þróun umræddrar lausnar var nauðsynleg til að Nordic Patent Institute (sem rekin er af hugverkastofum Íslands, Noregs og Danmerkur) haldi stöðu sinni sem alþjóðleg rannsóknarstofnun alþjóðlegra einkaleyfisumsókna. Á árinu 2026 má gera ráð fyrir að fyrstu merki þessarar vinnu sjáist á vef Hugverkastofunnar, þegar ágrip umsókna og einkaleyfa verða birt í leitarvél, auk útgefinna einkaleyfisskjala.



Lögfræðileg málefni

Nýliðið ár 2025 bar ekki með sér miklar breytingar á lögfræðilegum málefnum og hefur fremur markast af undirbúningi fyrir slíkar breytingar sem eru í farvatninu á komandi árum. Þó eru alltaf töluverðar hreyfingar á alþjóðlega sviðinu sem geta haft áhrif á túlkun og beitingu innlendra laga.

Ekki urðu breytingar á lögum sem stofnunin vinnur eftir á árinu að öðru leyti en því að ný reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl tók gildi þann 15. febrúar.

Áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar úrskurðaði árið 2025 í átta málum, þar sem ákvörðun Hugverkastofunnar var staðfest í fimm þeirra. Þá var 18 nýjum málum áfrýjað til nefndarinnar á árinu og eru þau nú til meðferðar þar.

Á alþjóðlega sviðinu einkenndist árið 2025 af alþjóðlegum fundum og samstarfi ásamt því að málefni hönnunarverndar, gervigreindar og viðbrögð við stöðunni í heimsmálum voru áfram fyrirferðarmikil.

Hugverkastofan tók áfram virkan þátt í samstarfi og samvinnu á vegum Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) og sóttir voru þar á meðal fundir samstarfsnefndar um vörumerki, hönnun og landfræðilegar upprunamerkingar, allsherjarþing stofnunarinnar í júlí 2025 þar sem fulltrúar Hugverkastofunnar og íslenskra stjórnvalda undirrituðu alþjóðasamning um vernd hönnunar, Riyadh samninginn um hönnunarvernd, ásamt forstjóra WIPO. Með samningnum er innleiddur meiri sveigjanleiki fyrir umsækjendur í því að lýsa hönnun í umsókn, skýr skilgreining á umsóknardegi og samræming á ýmsum formskilyrðum umsókna svo sem á endurnýjun skráninga. Þá var fallist á að frestur/griðtími til að sækja um skráningu eftir fyrstu birtingu hönnunar verði samræmdur í 12 mánuði að tilteknum skilyrðum uppfylltum og að hægt sé að halda hönnunarumsókn óbirtu í a.m.k. sex mánuði frá umsóknardegi.

Á vettvangi EFTA sótti Hugverkastofan tvo fundi í vinnuhópi EFTA um hugverkaréttindi þar sem fjallað er um löggjöf frá Evrópusambandinu sem talin er EES-tæk og innleiða ber í landsrétt EFTA ríkjanna.

Þar kom til umræðu ný tilskipun um vernd hönnunar og lagatillögur á sviði nauðungareinkaleyfa og lagatillögur um sérstök samræmd evrópsk viðbótarvottorð (Unitary SPC) sem fylgja eiga einu evrópsku einkaleyfi (Unitary Patent). Þá var á þessu sviði töluvert rætt um uppfærðar þvingunaraðgerðir ESB gagnvart Rússlandi sem koma inn á svið hugverka-réttinda. Þvingunaraðgerðirnar taka til allra rússneskra aðila sem sækja um skráningu hugverka-réttinda sinna innan Evrópusambandsins en ekki aðeins til tiltekinna aðila á sérstökum lista sem haldið var úti. Engum þvingunaraðgerðum var beitt af hálfu Hugverkastofunnar árið 2025 en fyrirséð er að til beitingar komi á árinu 2026.

Fyrirhugað er að árið 2026 verði helgað innleiðingu á nýrri hönnunartilskipun ásamt því að samræmi íslenskra hönnunarlaga við Riyadh samninginn verði staðfest. Unnið verður að drögum að nýjum lögum um hönnunarvernd í samráði við menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og hagaðila.

Samstarf á vegum Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO) var líka umfangsmikið á árinu en Hugverkastofan sótti fundi í laganefnd EPO þar sem fjallað var um stöðu samræmingarverkefna, stafræna þróun ferla og regluverks hjá EPO, hlutun einkaleyfisumsókna sem og þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi sem varða einkaleyfi. Einu samræmingarverkefni EPO (Convergence of practice) lauk á árinu 2025 sem fjallaði um tvöfalda einkaleyfavernd (double patenting). Formleg innleiðing þessa verkefnis, ásamt innleiðingu síðustu samræmingarverkefna, er nú til skoðunar hjá Hugverkastofunni.

Áframhaldandi samstarf var við Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) árið 2025 og voru sóttir fundir á sviði vörumerkja og hönnunar ásamt því að Hugverkastofan átti góðan fund með forstjóra og lykilstarfsmönnum EUIPO í apríl síðastliðnum þar sem farið var yfir samstarfið og framtíðaráform. Þá var unnið að því að bæta við upplýsingum um innleiðingu samræmingarverkefna á heimasíðu stofnunarinnar og í sameiginlega gátt EUIPO (Common gateway). Hugverkastofan innleiddi á árinu þrjú samræmingarverkefni, þ.e. nr. 7, 8 og 9, ásamt því að unnið var áfram að innleiðingu á verkefnum nr. 13, 14, 15 og 18.

Að vanda var töluvert um samstarf Hugverkastofunnar við systurstofnanir á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Samstarfsfundir um einkaleyfi voru haldnir í Reykjavík í júní og í október um vörumerki og hönnunarvernd. Til umræðu á þessum fundum var meðal annars samanburður og tölfræði milli stofnana, tæknimál og gervigreind ásamt umræðu um lagaramma og beitingu löggjafar.

Einn ánægjulegasti atburðurinn á sviði löggjafarmála á árinu var niðurstaða Almenns dómstóls Evrópusambandsins (General Court of the EU) í máli varðandi gildi skráningar vörumerkisins ICELAND í nafni Iceland Foods Ltd, Bretlandi. Dómstóllinn féllst á niðurstöðu EUIPO íslenskum stjórnvöldum í vil varðandi vörumerkið og hafnaði kröfum Iceland Foods um að ógilda niðurstöðu EUIPO.

Niðurstaðan er staðfesting á því að merkið hafi ekki uppfyllt lagaskilyrði til að fást skráð sem vörumerki í Evrópusambandinu og er mikilvægur liður í því að tryggja landaheitum aukna vernd gegn því að vera skráð sem vörumerki og undir einkarétt tiltekinna aðila fyrir ákveðnar vörur og þjónustu. Hugverkastofan vinnur með íslenskum stjórnvöldum áfram að því að fá þetta grundvallarsjónarmið staðfest í alþjóðlegum samningum.

Árið 2025 í hnotskurn

Febrúar – apríl

Kynningarherferð um skráningu
vörumerkja á samfélagsmiðlum.



17. janúar

Vísindaferð Gulleggsins í Grósku.



7. febrúar

Vísindaferð Orators
frá Háskóla Íslands.



8. febrúar

Hugverkaréttindi kynnt fyrir
topp-tíu liðum í Gullegginu.



10. febrúar

Nýr samstarfssamningur
undirritaður við Háskólann
í Reykjavík.

Jan.

Feb.

Mar.



30. janúar

Starfsmannafundur um
rödd Hugverkastofunnar.



23. janúar

Vísindaferð Pemis frá
Háskólanum á Akureyri.



4.-6. mars

Heimsókn frá Portúgölsku
hugverkastofunni (INPI).



14. febrúar

Sagareg sigrar Gulleggið.



13. febrúar

Hugverkastofan á Framadögum
Háskólans í Reykjavík. Kynning
á hugverkaréttindum fyrir
Unga frumkvöðla JA.



27. mars

Undirritun viljayfirlýsingar við portúgölsku hugverkastofuna í Lissabon.



10. apríl

Norska nýsköpunarfyrirtækið Cartesian hlýtur Nýsköpunarverðlaun Norðurlandanna fyrir varmaorkugeymslu fyrir stór húshitunar- og kælikerfi. Verðlaunin eru samvinnuverkefni hugverkastofa norrænu hugverkastofanna og voru afhent í fyrsta skipti á Hugverkadegi dönsku hugverkastofunnar í Kaupmannahöfn. Carbfix var tilnefnt til verðlaunanna fyrir Íslands hönd.



1. apríl

Fyrirlestur um hugverkaréttindi fyrir þátttakendur í Hringiðu+, nýsköpunarhraðli KLAK Icelandic Startups.



8. maí

Fyrirlestur um hugverkaréttindi fyrir nemendur í námskeiðinu Nýsköpun og stofnun fyrirtækja í Háskólanum í Reykjavík.

Apr.

Maí



11. mars

Vörumerkjahandbók Hugverkastofunnar birt á vefnum.

Fundur með stjórn Félags einkaleyfasérfræðinga (FEIS).



9. maí

Vísindaferð Lögréttu frá Háskólanum í Reykjavík.



29. apríl

Erindi um hugverkavernd fyrir hönnuði í Grósku í samstarfi við Félag vöru- og iðnhönnuða.



14. apríl

Hugverkastofan gerist formlega aðili að DESIGNclass, alþjóðlegu flokkunarkerfi á sviði hönnunar, sem rekið er af Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO).



13. maí

Branding Innovation í Íslensku nýsköpunarvikunni í samstarfi við Samtök iðnaðarins og ÍMARK.

Sendinefnd frá Hugverkastofunni á tvíhliða fund með forstjóra og öðrum stjórnendum Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) sem hefur umsjón með skráningum vörumerkja og hönnunar í Evrópusambandinu (ESB).



15. maí

Feel the Beat of IP í Íslensku nýsköpunarvikunni og í tilefni Alþjóðahugverkadagsins, í samstarfi við Tónlistarmiðstöð, STEF og Bird Rvk.



4. júní

Strákar og stálp í háskóla í Háskólanum í Reykjavík.



3. júní

Logi Einarsson menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra, heimsækir Hugverkastofuna ásamt starfsfólki ráðuneytisins.



24. maí

Hekla Eiríksdóttir, nemandi í 6. bekk Ölduselsskóla hlýtur Hönnunarbikar Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og Hugverkastofunnar fyrir hugmynd sína að pítustalli. Aðalverðlaun keppinnar hlaut Snjólfur Atli Hákonarson í 6. bekk Árskóla fyrir hugmynd sína að mjaltavél sem ber sólarvörn á jógur.



18. júní

Hugvitsverðlaun ungra frumkvöðla (Young Inventors Prize) veitt í fjórða sinn á verðlaunahátíð Evrópsku einkaleyfastofunnar í Hörpu. Samhliða verðlaunahátíðinni var árlegur samráðsfundur 39 aðildarlanda Evrópsku einkaleyfastofunnar, haldinn í Hörpu. Antonio Campinos, forstjóri Evrópsku einkaleyfastofunnar, heimsótti forseta Íslands, Höllu Tómasdóttur, á Bessastaði í tengslum við fundinn.



Jún.

Júl.

Ágú.



11. júlí

Carbfix hlýtur WIPO Global verðlaunin í umhverfisflokki. Edda Sif Pind Aradóttir, forstjóri Carbfix, fær einnig sérstaka viðurkenningu sem besti kvenfrumkvöðullinn.



12. september

Undirritun viljayfirlýsingar við slóvensku hugverkastofuna.



18. september

Greint var frá því að Ísland hafi verið í 24. sæti landa í heiminum í nýsköpunarvísitölu Alþjóða-hugverkastofnunarinnar fyrir árið 2025 og hafi fallið um tvö sæti frá því árið áður.



16. júlí

Greint frá því að almennur dómstóll Evrópusambandsins (e. General Court) hafi fallist á niðurstöðu Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) íslenskum stjórnvöldum í vil varðandi vörumerkið ICELAND.

Sep.

Okt.



11. júlí

Borghildur Erlingsdóttir fundar með Daren Tang, forstjóra Alþjóða-hugverkastofnunarinnar (WIPO) og undirritar Riyadh-hönnunarsamninginn fyrir Íslands hönd á allsherjarþingi stofnunarinnar í Genf.



8. október

Kynning á hugverkaréttindum fyrir doktorsnema í verkfræði og náttúruvísindum við HÍ.



26. ágúst

Nýr samstarfssamningur undirritaður við Háskóla Íslands.



30. október

Hefring Marine hlýtur viðurkenningu sem Nýsköpunarfyrirtæki ársins á Nýsköpunarþingi sem Hugverkastofan, Nýsköpunarsjóðurinn Kría, Íslandsstofa og Rannís standa að í sameiningu. Að þessu sinni var umfjöllunarefnið Ísland í stóru myndinni og aðalfyrirlesari Svanhildur Hólm, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum.

Á þinginu var kynnt skýrsla um einkaleyfisumsóknir íslenskra og norrænna fyrirtækja síðastliðin 20 ár sem unnin var fyrir Hugverkastofuna af Nordic Patent Institute. Þar kemur fram að Ísland rekur lestina á Norðurlöndunum hvað varðar fjölda einkaleyfisumsókna miðað við mannfjölda.

Nóvember – desember

Kynningarherferð um mikilvægi einkaleyfa með tilvitnunum í íslenska frumkvöðla og forstjóra.



25. nóvember

Vísindaferð Gulleggsins á Akureyri.



8. desember

Fyrirlestur um einkaleyfi fyrir 1. árs verkfræðinema í HR.

Nóv.

Des.



6. nóvember

Kynning á einkaleyfaskýrslu á nýsköpunarfundum Samorku.



4. nóvember

Fyrirlestur um hugverkaréttindi fyrir þátttakendur í KLAKE Health hraðli KLAKE Icelandic Startups.



27. nóvember

Fyrirlestur um hugverkaréttindi fyrir þátttakendur í Dafna hraðli KLAKE Icelandic Startups.



24. október

Feik eða ekta í vísindaferð Gulleggsins í Grósku.



Vörumerki mánaðarins

Starfsfólk Hugverkastofunnar kýs flesta mánuði ársins eitt nýskráð eða nýendurnýjað vörumerki sem skráð vörumerki mánaðarins.

Verkefnið er að fyrirmynd norrænna og baltneskra hugverkastofa og markmiðið er að vekja athygli á mikilvægi vörumerkjaskráninga og kynna starfsemi Hugverkastofunnar. Skráð vörumerki mánaðarins er með skýr sérkenni og gott aðgreiningarhæfi, það má ekki vera lýsandi né má vera hætta á að því verði ruglað við önnur merki og á bak við það þarf auðvitað að vera áhugaverð saga.



Janúar

Afturelding

UMFA eða Ungmennafélagið Afturelding var stofnað árið 1909. „Það má segja að Afturelding sé vörumerki Mosfellsbæjar og ein verðmætasta eign Mosfellinga,“ segir Einar Ingi Hrafnsson, framkvæmdastjóri Aftureldingar, félagsins þar sem hann ól manninn og sem gerði hann að atvinnumanni í handbolta.

Mars

Grammatek

Grammatek hefur frá stofnun fyrirtækisins sinnt fjölbreyttum verkefnum sem tengjast máltækni en hefur undanfarið sérhæft sig í talgervingu eða „að kenna tölvum að tala,“ segir Anna Björk Nikulásdóttir, framkvæmdastjóri og annar tveggja stofnanda. Hún segir það hafa vakið mikla alþjóðlega athygli hvernig íslenskt máltæknisamfélag tók sig saman undir merkjum Almennaróms til að vinna að gerð og framgangi íslenskrar máltækniáætlunar.



Febrúar

Barnaspítali Hringingsins

Kvenfélagið Hringurinn er merkilegur félagsskapur kvenna sem Anna Björk Eðvarðsdóttir, formaður félagsins, segir að rekja megi allt aftur fyrir þar síðustu aldamót. Þá stundaði Kristín Vídalín Jacobsen myndlistanám í Kaupmannahöfn, fyrst íslenskra kvenna. Á sjúkraðeðmi sór hún þess eidd að kæmist hún til heilsu myndi hún vinna við að styðja veika og sjúka. Orð- og myndmerki Barnaspítala Hringingsins er í eigu Barnaspítalasjóðs kvenfélagsins sem stutt hefur dyggilega við uppbyggingu og tækjavæðingu Barnaspítalans í áratugi.





Nóvember

Hefring Marine

„Þetta byrjaði eiginlega þannig að við þurftum að geta rökstutt með mælingum að bátarnir frá Rafnar færu betur í sjó en aðrir bátar,“ segir Karl Birgir Björnsson, framkvæmdastjóri Hefring Marine, sem er Nýsköpunarfyrirtæki ársins 2025. Fyrirtækið hefur þróað og markaðssett IMAS® snjallsiglingakerfi, sem nýtir gervigreind og rauntímagögn til að bæta öryggi, eldsneytisnýtingu og rekstur báta og smærri skipa.

Júní

VÆB

Hljómsveitin VÆB, skipuð bræðrunum Matthíasi og Hálfadáni Matthíasarsonum, sló rækilega í gegn í Eurovision í maí og bræddi hjörtu, innan sem utan landsteinanna. Það fyrsta sem grípur mann við VÆB er orkan, hvort sem það er á sviði, á TikTok eða í viðtölum en bræðurnir eru óhræddir við að vera þeir sjálfir. Þeir eru ekki bara listamenn, þeir eru líka vörumerki.



Desember

Spesía

„Meginmarkmið okkar er að búa til app og vef sem gerir það jafn auðvelt að fjárfesta í erlendum eignasöfnum og það er í dag að millifæra pening í netbanka,“ segir Georg Lúðvíksson, forstjóri og einn stofnenda fjártæknifyrirtækisins Spesía.



September

Barbara

Síðastliðið haust opnaði Barbara kaffibar á Strandgötunni í Hafnarfirði. Katla Karlsdóttir, einn eigenda staðarins segir að stefnan sé að Barbara sé einhvers konar kaffihús plús og samkomustaður fyrir Hafnfirðinga. „Þetta á að vera svona staður til að hygge sig, eins og Daninn segir, hvenær dags sem er.“

Einkaleyfi eru hreyfiafl nýsköpunar og vaxtar



Borghildur Erlingsdóttir
forstjóri Hugverkastofunnar

Íslendingar eru skapandi og úrræðagóð þjóð, við eigum auðvelt með að hugsa út fyrir rammann og finna nýjar lausnir. Þó íslenskt efnahagslíf sé auðlindadrifið stendur nýsköpun á traustum grunni, við eigum öfluga háskóla, birtum mikinn fjölda vísindagreina og stöndum ágætlega hvað varðar menntun, rannsóknir, innviði og stofnanir. Þegar kemur að afurðunum: tækninýjungum, hugverkavernd, vörubrúun og útflutningi á þekkingu, erum við hins vegar ekki að nýta möguleika okkar til fulls og stöndum öðrum Norðurlandþjóðum langt að baki.

Eitt af þeim sviðum þar sem sóknarfæri eru mikil er hugverkavernd og þá ekki síst vernd uppfinninga með einkaleyfum.

Ísland neðst Norðurlandanna í 24. sæti nýsköpunarvísitölu WIPO

Nýsköpunarvísitala Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO Global Innovation Index) er byggð á 78 mælikvörðum sem teknir eru saman af fjölmörgum alþjóðlegum stofnunum og hefur skapað sér sess sem einn helsti alþjóðlegi mælikvarðinn á aðstæður til nýsköpunar og afrakstur hennar í heiminum. Í nýjustu nýsköpunarvísitölunni er Ísland í 24. sæti af 139 ríkjum. Það er ágætis árangur fyrir fámenna þjóð en staða okkar hefur farið versnandi undanfarin ár og er lakari en allra hinna Norðurlandanna. Svíþjóð er í 2. sæti, Finnland í 7. sæti, Danmörk í 9. og Noregur í 20. sæti. Þegar horft er sérstaklega til hversu góðar aðstæður eru nýsköpunar erum við í 20. sæti en hins vegar aðeins í 29. sætinu fyrir afrakstur nýsköpunar.

40-60 íslenskar einkaleyfisumsóknir á ári

Annar mikilvægur mælikvarði á stöðu nýsköpunar og hugverkaverndar er einkaleyfavísitala Evrópsku einkaleyfastofunnar (EPO Patent Index). Samkvæmt henni bárust EPO 62 íslenskar einkaleyfisumsóknir árið 2024, sem samsvarar um 159 umsóknum á hverja milljón íbúa. Það er nokkur aukning frá 42 umsóknum árið 2023 en síðasta áratuginn hefur fjöldinn sveiflast milli 40 og 60 umsókna á ári og varanleg fjölgun hefur ekki verið merkjanleg. Í þessum tölum stöndum við hinum Norðurlöndunum langt að baki og erum á svipuðum stað og lönd Evrópusambandsins að meðaltali.

- Svíþjóð: 490 umsóknir á hverja milljón íbúa
- Danmörk: 440 umsóknir á hverja milljón íbúa
- Finnland: 420 umsóknir á hverja milljón íbúa
- Noregur: 170 umsóknir á hverja milljón íbúa
- Ísland: 159 umsóknir á hverja milljón íbúa
- Evrópusambandið: 150 umsóknir á hverja milljón íbúa

Ísland stendur best Norðurlandanna í heilbrigðis-tækni en síst í endurnýjanlegri orku

Niðurstöður WIPO og EPO eru í samræmi við niðurstöður nýrrar skýrslu um einkaleyfisumsóknir íslenskra fyrirtækja síðastliðin 20 ár sem var unnin fyrir Hugverkastofuna og verður kynnt á Nýsköpunarþingi í Grósku í dag, 30. október kl. 14:00. Meginniðurstaða skýrslunnar er að þrátt fyrir góðan mannauð, öflugt vísindasamfélag og mikla sköpunargleði, standa íslensk fyrirtæki norrænum fyrirtækjum að baki í fjölda einkaleyfisumsókna miðað við mannfjölda.

Staðan er þó mjög mismunandi eftir geirum. Ísland stendur vel og best Norðurlandanna í fjölda einkaleyfisumsókna á sviði heilbrigðistækni og þar er stoðtækjafyrirtækið Össur fremst meðal jafningja. Það kemur hins vegar mjög á óvart að á sviði endurnýjanlegrar orku eiga íslensk fyrirtæki nánast engar einkaleyfisumsóknir undanfarin 20 ár og þar stöndum við langverst Norðurlandanna. Þær uppgötvanir sem hér hafa verið gerðar síðustu áratugi á sviði jarðvarma og annarrar endurnýjanlegrar orku virðast því ekki hafa varðar með einkaleyfisumsóknum.

Fjölmargar öflugar íslenskar fyrirmyndir

Einkaleyfi eru ekki bara skírteini sem hanga uppi á vegg, þau tryggja uppfinningamönnum og fyrirtækjum einkarétt á uppfinningum og eru hreyfiafl nýsköpunar og efnahagslegs vaxtar. Þau veita fyrirtækjum og fjárfestum öryggi til að fjárfesta í rannsóknum og þróun með því að tryggja að uppfinningar séu ekki afritaðar. Með öðrum orðum: einkaleyfi breyta góðum hugmyndum í raunveruleg verðmæti. Við eigum þegar fjölmörg öflug fyrirtæki sem byggja á einkaleyfavernd og má þar meðal annarra nefna:

- Össur stendur fremst meðal íslenskra jafningja á sviði hugverkaverndar. Fyrirtækið er leiðandi í heiminum á sviði stoðtækni og það íslenska fyrirtæki sem leggur inn langflestar einkaleyfisumsóknir.
- JBT Marel, eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins sem er leiðandi á heimsvísu í matvælatækni, hefur áratugum saman byggt starfsemi sína á nýsköpun og hugverkavernd. Fyrirtækið á fjölda einkaleyfa sem m.a. vernda tæknibúnað sem notaður er í matvælavinnslum um allan heim.
- Kerecis er fyrsti einhyrningur Íslands, (nýsköpunarfyrirtæki sem selt er fyrir meira en milljarð Bandaríkjadala). Óhætt er að fullyrða að stór hluti af verðmæti fyrirtækisins liggja í einkaleyfum þess á verkun fiskroðs til að nota meggi það til að meðhöndla sár.
- Svefnrannsóknafyrirtækið Nox Medical háði harða baráttu við erlent stórfyrirtæki um uppfinningu sína sem varin er einkaleyfi og hafði að lokum fullan sigur.
- Lauf Cycles hefur byggt upp sterkt vörumerki á grunni einkaleyfis á hjólagaffli með innbyggðri fjöðrun og fleiri einkaleyfum á tækninýjungum fyrir reiðhjól.

- Hampiðjan sem á 90 ára sögu að baki sýnir að eldri fyrirtæki geta verið mjög öflug nýsköpunarfyrirtæki. Fyrirtækið á fjölda einkaleyfa sem vernda nýjungar í veiðarfæratækni.
- Alvotech nýtir sér bæði einkaleyfavernd til að vernda uppfinningar á sviði lyfjafræði og lyfjatækni en einnig upplýsingar um lyf sem koma fram í gömlum einkaleyfaumsóknum til að þróa líftæknihlíðstæður.
- Carbfix hefur þróað og fengið einkaleyfi á einstakri aðferð við að binda koltvísýring í bergi til að berjast gegn loftslagsbreytingum.

Þessi fyrirtæki nota öll einkaleyfi sem verkfæri til að stuðla að vexti og alþjóðlegri samkeppnishæfni. Þau skapa verðmæt hátæknistörf, laða að fjárfestingu og styrkja ímynd Íslands sem nýsköpunarlands.

Þörf á stefnumótun og markvissum aðgerðum

Fjöldi einkaleyfa eða einkaleyfisumsókna segir ekki alla söguna en segir þó mikið um það hversu vel við nýtum þekkingu sem verður til við rannsóknir og þróun til að skapa verðmæti. Mikilvægt er að tryggja að fleiri íslensk fyrirtæki fylgi þessari leið.

Nýsköpun er lífæð nútímahagkerfa og hugverkavernd er lífæð nýsköpunar. Ríki sem skara fram úr í nýsköpun eru nær undantekningarlaust ríki þar sem stjórnvöld leggja áherslu á vernd hugverka með stefnumótun og markvissum aðgerðum. Ísland hefur alla burði til að fylgja í kjölfarið, en til þess þarf að efla vitund, stuðning og stefnumótun í kringum hugverk og einkaleyfi. Næsta Össur eða Kerecis er líklega þegar orðið til og öflug hugverkavernd mun hjálpa því að ná árangri á heimsvísu.

Greinin birtist fyrst í Viðskiptablaðinu.

Verndum vörumerki í tónlist



✍ Eiríkur Sigurðsson
Samskiptastjóri Hugverkastofunnar

Ætti tónlistarfólk að spá í skráningu vörumerkja og annarra hugverkaréttinda? Er slíkt ekki bara fyrir tískuföt og lúxusbíla? Því er fljótsvarað að þetta er vissulega eitthvað sem tónlistarfólk ætti að spá í og líklega hefur aldrei verið mikilvægara að skrá vörumerki í þessum geira en nú á tímum streymisveitna og samfélagsmiðla þegar efni getur náð alheimsdreifingu á nánast einni nóttu. Í slíku umhverfi er brýnt að tónlistarfólk verndi nöfn sín, ímynd og hugverk með því að skrá vörumerkin sín, áður en aðrir gera það.

Það er einfalt og ódýrt að sækja um skráningu á vörumerki á Íslandi á hugverk.is og það er líka tiltölulega einfalt og ódýrt að sækja um skráningu vörumerkis í öllu Evrópusambandinu á vef Hugverkastofu Evrópusambandsins. Til að fá leiðbeiningar varðandi umsóknir um skráningu vörumerkja er hægt að [panta fría, persónlega ráðgjöf](http://panta fría, persónlega ráðgjöf á vef Hugverkastofunnar) á vef Hugverkastofunnar. Á vefnum er einnig hægt að leita og fletta upp vörumerkjaskráningum hér á landi og þar eru tenglar á erlenda gagnabanka.

Eignarréttur á vörumerki – vernd gegn misnotkun

Skráð vörumerki veitir eiganda þess einkarétt til að nota vörumerkið fyrir tiltekna vöru eða þjónustu og banna öðrum að nota það og lík merki. Margt listafólk eyðir mörgum árum í að byggja upp ákveðna ímynd í kring um nafnið sitt eða hljómsveitarnafn og jafnvel merki hljómsveitar. Slík verðmæti er mikilvægt að vernda, líkt og við viljum tryggja fasteignir, bifreiðar og önnur verðmæti í okkar eigu. Besta leiðin til þess að koma í veg fyrir að óviðkomandi aðilar nýti sér

vinnu sem lögð hefur verið í uppbyggingu vörumerkis er að skrá viðkomandi vörumerki. Þá er mikilvægt að líta ekki bara til Íslands heldur huga líka að skráningu á viðeigandi erlendum mörkuðum.

Er nafnið nokkuð þegar skráð?

Það er mikilvægt, áður en listamanns- eða hljómsveitarnafn er ákveðið, að kanna hvort nafnið sé þegar til sem skráð vörumerki (rétt er þó að athuga að ekki er hægt að banna listamanni að nota eigið nafn á grundvelli vörumerkjaskráningar). Það er ekki nóg að nefna hljómsveitina sína spennandi nafni, það þarf að vera einstakt og sérkennandi. Það er nefnilega alls ekki spennandi að fá „cease and desist“ bréf frá lögmanni sem óskar eftir því að listamaður hætti notkun nafns vegna þess að það sé skráð vörumerki í annarra eigu. Fjölmargir alþjóðlegir listamenn eins og Beyoncé, Jay-Z og Taylor Swift hafa þurft að grípa til lagalegra aðgerða til að verja vörumerki sín, t.d. gegn óleyfilegri notkun nafns eða texta.

Það er einnig mikilvægt að ákvarða eignarrétt á vörumerki strax í byrjun samstarfs. Á hljómsveit sameiginlega rétt á nafni hennar eða eiga ákveðnir hljómsveitarmeðlimir meiri rétt? Ættu útgefendur að eiga tímabundinn einkarétt á vörumerki viðkomandi listamanns og hvað verður um vörumerkjaréttinn eftir að samstarfi lýkur? Slíkum spurningum er best að svara formlega í upphafi samstarfs til að koma í veg fyrir flókin og dýr ágreiningsmál síðar meir. Slík mál eru fjölmörg bæði hér á landi og erlendis og má t.d. nefna deilur um einkarétt á hljómsveitarnafninu Sólstafr hér á landi og á nafni norsku svartmálmssveitarinnar Immortal.

Hvað á að skrá?

Eitt af því sem tónlistarfólk ætti að velja fyrir sér varðandi vörumerkjaskráningar er hvað þurfi að vernda með skráningu. Algengast er að skrá listamanns- eða hljómsveitarnafn en merki, plötuheiti, lagaheiti eða jafnvel einstakar textalínur og lagabútar geta orðið þekkt vörumerki og sem slík orðið mikil fjárhagsleg verðmæti sem rétt er að vernda.

Vörumerki eru skráð fyrir ákveðna flokka vöru og þjónustu og skráning veitir aðeins einkarétt á notkun fyrir skráða flokka en ekki allsherjareinkarétt fyrir hvað sem er. Við umsókn um skráningu vörumerkis þarf því að vanda val á flokkum og á svokölluðum tilgreiningum innan flokkanna, sem ákvarða í raun hvað það er sem er verndað.

Skráð íslensk tónlistarvörumerki

Íslenskt tónlistarfólk er sífellt að átta sig betur á mikilvægi vörumerkjaskráninga. Söngkonan Bríet hefur t.d. skráð vörumerkið sitt og nýtir það bæði í tónlistarstarfi og við sölu á varningi. Tónlistarmaður sem á skráð vörumerki getur gert samninga um tímabundin afnot af vörumerkinu, t.d. fyrir sölu á varningi, útgáfu eða tónleika. Gott dæmi um slíkt er t.d. samstarf Bríetar og Collab um þróun og markaðssetningu á BRÍET X COLLAB drykk. Fleiri vörumerki íslensks tónlistarfólks sem eru skráð hér á landi eru t.d.: Herra Hnetusmjör, Baggalútur, GusGus, Skálmöld, Prettyboitjokko, Iceguys og Bubbi Morthens.

Íslenskt tónlistarfólk virðist hingað til hins vegar ekki mikið hafa skráð vörumerki sín utan landssteinanna. Þar finnst þó undantekningar eins og t.d. Laufey sem hefur skráð nafnið sitt sem vörumerki um allan heim sem lið í því byggja upp sterka ímynd á alþjóðavettvangi. Þetta tryggir henni einkarétt á notkun nafnsins, hvort sem um er að ræða tónlist, viðburði eða vöruútgáfu.

Málstofa 15. maí á Bird


Til að ræða skráningar á vörumerkjum og önnur mikilvæg hugverkaréttindi í tónlistargeiranum stóð Hugverkastofan fyrir málstofu og tónleika á Iceland Innovation Week, undir titlinum Feel the Beat of IP, fimmtudaginn 15. maí kl. 16, í samstarfi við Tónlistarmiðstöð og STEF á Bird Rvk. Viðburðurinn var einnig í tilefni Alþjóðahugverkadagsins (#World IPDay).

Greinin birtist fyrst á visir.is




Árið 2025 í tölum


Skráð vörumerki



Umsóknir




Einkaleyfi í gildi




Íslensk Erlend

Skráð hönnun



Íslensk Erlend

Veitt réttindi




Einkaleyfi


Umsóknum um landsbundin einkaleyfi fækkaði nokkuð á milli ára en veittum einkaleyfum fjölgaði hins vegar umtalsvert og t.d. var átta íslenskum aðilum veitt einkaleyfi á árinu sem er meira en mörg undanfarin ár. Á árinu voru 927 evrópsk einkaleyfi staðfest hér á landi sem er 16% fækkun frá árinu áður. Um áramót voru um 9.100 einkaleyfi í gildi á Íslandi, þar af voru 100 í eigu íslenskra aðila.

Endurveiting réttinda


■ Endurveitingabeirðni ■ Ákvarðanir



PCT umsóknir




Staðfest evrópsk einkaleyfi




Einkaleyfi, umsóknir

■ Landsbundnar, íslenskar ■ Landsbundnar, erlendar




Einkaleyfi, veitt

■ Landsbundin, íslensk ■ Landsbundin, erlend



SPC viðbótarvernd, umsóknir

■ Umsóknir ■ Veitt vottorð




Vörumerki

Árið 2025 bárust Hugverkastofunni 3.773 vörumerkjaumsóknir sem er mjög nálægt fjölda umsókna árið áður þegar 3.816 umsóknir bárust. Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að kynna íslenskum fyrirtækjum kosti vörumerkjaskráninga og umsóknum íslenskra aðila fjölgaði milli ára líkt og í fyrra, nú um 5% milli ára.

Ekki hafa fleiri umsóknir borist um skráningu frá íslenskum aðilum síðan árið 2018. Í árslok voru um 66.000 vörumerki skráð hér á landi. Af þeim voru 11% í eigu íslenskra aðila.

Alþjóðlegar umsóknir íslenskra aðila hjá Hugverkastofunni (ISMP)




Andmæli, niðurfelling og ógilding

	2022	2023	2024	2025
Andmæli	9	20	21	14
Úrskurðir í andmælumálum	2	4	7	18
Kröfur um niðurfellingu	14	8	11	16
Ákvarðanir um niðurfellingu	10	7	9	5
Ógildingarbeiðnir	2	6	1	1
Ákvarðanir um ógilding	0	3	2	1


Vörumerki, umsóknir

Landsbundnar, íslenskar Landsbundnar, erlendar Alþjóðlegar




Vörumerki, birt

Landsbundin, íslensk Landsbundin, erlend Alþjóðleg



Vörumerki, endurnýjuð


Landsbundin, íslensk Landsbundin, erlend Alþjóðleg




Hönnun

Á árinu var áttak gert í að vekja athygli íslenskra hönnuða á möguleikanum á að skrá hönnun hjá Hugverkastofunni. Nokkur árangur virðist hafa orðið af því þar sem mikil fjölgun varð í umsóknum íslenskra aðila um hönnunarskráningar en 34 slíkar umsóknir bárust sem er 44% fjölgun frá fyrra ári. Um 1.500 hönnunarskráningar eru í gildi hér á landi, þar af eru um 6% í eigu íslenskra aðila.

Hönnun, umsóknir



Hönnun, skráningar









Stella starfsmannafélag

Gleði, gaman og gæfuríki einkenndu árið 2025 hjá Stellu, starfsmannafélagi Hugverkastofunnar, eins og fyrri ár og lítið var breytt út af hefðum. Páskabingóið var á sínum stað, skreyttar voru piparkökur, horft var á EM í handbolta, haldin var jólaskemmtun á sal í Katrínartúninu þar sem margt var um dýrðir, að ógleymdri glæsilegri árshátíð sem haldin var í mars í lðusölum.

Ný stjórn starfsmannafélagsins tók til starfa í maí síðastliðnum. Skipuð voru Jóhann Skúli Jónsson, Örn Alexandersson, Guðrún Ósk Frímansdóttir og Brynhildur Pálmarsdóttir.

Mannauður og rekstur

Mannauður

Í lok árs 2025 störfuðu 35 starfsmenn hjá Hugverkastofunni í jafn mörgum stöðugildum, 11 karlar og 24 konur. Þar af voru starfsmenn faggildingarsviðs þrír.

Tveir starfsmenn störfuðu sem sérfræðingar að láni hjá alþjóðlegum stofnunum, annars vegar hjá Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO) og hins vegar hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO). Eitt af meginmarkmiðum Hugverkastofunnar er að vera eftirsóknarverður og fjölbreyttur vinnustaður sem gætir að jafnvægi á milli vellíðanar starfsfólks og framlags þess. Viðhorf starfsfólks voru könnuð með reglulegum könnunum auk þess sem starfsfólk tók þátt í könnuninni Stofnun ársins.

Hugverkastofan leggur einnig áherslu á gott aðgengi að fræðslu og endurmenntun og sótti flest starfsfólk sér fræðslu af einhverju tagi auk þess sem nokkrir sóttu sér formlega viðbótarmenntun samhliða vinnu. Bakgrunnur og menntun starfsfólks er fjölbreytt en mikill meirihluti starfsfólks hefur lokið menntun í félags- og/eða náttúruvísindum.

Starfsfólk

■ 24 konur ■ 11 karlar



Fjármál og rekstur



Hugverkastofan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs. Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 7.2 í fjármálaáætlun. Fjárheimild stofnunarinnar er ákvörðuð í fjárlögum hvers árs án þess að til komi framlag úr ríkissjóði en reksturinn er alfarið fjármagnaður með rekstrar- og sértekjum. Rekstur Hugverkastofunnar er þannig frábrugðinn rekstri flestra annarra ríkisstofnana og umsvif ráðast af fjölda umsókna og erinda sem koma til meðferðar hjá stofnuninni hverju sinni.

Tekjur Hugverkastofunnar samanstanda af rekstrar- og sértekjum. Rekstrartekjur eru tekjur í formi þjónustugjalda frá þeim sem kosið hafa að vernda hugverk sín hér á landi. Rekstrartekjur ársins 2025 voru 639 m.kr., 45% vegna einkaleyfa og 54% vegna vörumerkja. Innan við 1% rekstrartekna voru vegna hönnunar. Mikill meirihluti viðskiptavina Hugverkastofunnar eru erlendir aðilar og yfir 90% rekstrartekna eru frá erlendum aðilum. Sértekjur ársins voru 28 m.kr. en þær skýrast af endurgreiddum ferðakostnaði og endurgreiddum launakostnaði sérfræðinga að láni hjá alþjóðastofnunum.



Heildarútgjöld námu 675 m.kr. og var stærsti einstaki útgjaldaliðurinn launakostnaður eða 69%.

Að teknu tilliti til mótbókana vegna endurgreidds kostnaðar og framtíðarskuldbindinga var reksturinn sjálfbær og í jafnvægi þar sem tekjur og gjöld voru jöfn.*

Rekstrartekjur



Rekstrargjöld



Rekstur 2025

